

AUGLÝSING

um deiliskipulag á Akureyri.

Breyting á deiliskipulagi 4. áfanga Giljahverfis.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur þann 21. september 2004 í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt breytingu á deiliskipulagi 4. áfanga Giljahverfis. Breytingin varðar lóð nr. 6-8 við Vesturgil og felst í stækkun lóðar um 3,5 m til vesturs og lengingu byggingarreits um 2,7 m til sömu áttar.

Breyting á deiliskipulagi 1. áfanga Naustahverfis.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur þann 21. september 2004 í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt breytingu á deiliskipulagi 1. áfanga Naustahverfis. Breytingin felst í því að leyfð mænishæð húss nr. 22 við Hólatún verður 5,0 m í stað 4,75 m.

Breyting á deiliskipulagi 1. áfanga Naustahverfis.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur þann 21. september 2004 í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt breytingu á deiliskipulagi 1. áfanga Naustahverfis. Breytingin felst í stækkun byggingarreita á lóðunum nr. 1-9 og 11-19 til vesturs, norðurs og suðurs, þannig að þeir verða 14 x 51,75 m í stað 12 x 50 m.

Ofangreindar deiliskipulagsbreytingar hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þær þegar gildi. Sveitarstjórn hefur lýst því yfir að hún taki að sér að bæta það tjón sem einstakir aðilar kunnir að verða fyrir vegna breytinganna.

Akureyri, 15. október 2004.

F.h. Akureyrarbæjar,

Bjarni Reykjalin, skipulags- og byggingarfulltrúi.